

# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1382*  
*komudagur 7.2.2013*

Reykjavík 7. febrúar 2013.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 447. mál.**

Sjómannasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Sjómannasamband Íslands tekur undir 1. og 3. gr. frumvarpsins þar sem sett eru skýr stærðarmörk varðandi báta sem geta fengið veiðileyfi með krókaafلامarki og með hvaða hætti er hægt að leysa vanda þeirra sem eru með krókaafلامarbsáta umfram þessi stærðarmörk.


Sjómannasamband Íslands hafnar a lið 2. gr. þar sem gert er ráð fyrir að 3,6% af leyfðum heildarafla þorsks og 3,6% af leyfðum heildarafla ufsa verði nýtt til strandveiða. Samkvæmt núgildandi lögum fara samtals 6.800 tonn af þorski og 1.800 tonn af ufsa til strandveiða á yfirstandandi fiskveiðiári. Fyrirséð er að leyfilegur heildarafla þorsks muni aukast á næstu fiskveiðiárum. Verði þessi liður frumvarpsins samþykktur er því enn verið að taka þorskkvóta af sjómönnum sem hafa atvinnu af sjómennsku og færa hann til manna sem stunda strandveiðar í frítíma sínum. Ekki hefur verið sýnt fram á að strandveiðar séu hagkvæmari eða skili þjóðarbúinu meiru en hefðbundnar fiskveiðar. Sjómannasamband Íslands telur því að ekki séu forsendur til að auka enn við þann kvóta sem ætlaður er til strandveiðanna.

Sjómannasamband Íslands tekur undir c lið 2. gr. enda ættu þeir sem stunda strandveiðar ekki að vera yfir það hafnir að fara að lögum nr. 20/1987 um sjómannaðag.

Sjómannasamband Íslands sýnir 1. tl. d liðar 2. gr. skilning þar sem heimilt verður að úthluta dögum til strandveiðibáta í því skyni að auka öryggi við strandveiðarnar.

Sjómannasamband Íslands telur að í 2. tl. d liðar 2. gr. þurfi að kveða enn skýrar á um kröfur um eignarhald og setja eigi lágmarkseignarhlutdeild í lögin sjálf.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson